

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. janúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

**um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar
sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.**

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skal stofnfé sjóðs eða stofnunar vera 365 000 kr. hið minnsta.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. janúar 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir
loðnumjöl og loðnulýsi á framleiðslutímabilinu
1. janúar til 31. maí 1990.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir loðnumjöl og loðnulýsi á framleiðslutímabilinu 1. janúar til 31. maí 1990.

Loðnumjöl (FAO)	6,00 SDR cif. pr. próteineiningu
Gæðamjöl	6,90 SDR cif. pr. próteineiningu
Hágæðalýsi	7,93 SDR cif. pr. próteineiningu

Verðbil verður 10% og greiðsluhlutfall 50%. Miðað skal við cif-verð í höfnum V-Evrópu. Verð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Loðnulýsi	275 SDR cif. pr. tonn
Gæðalýsi	316 SDR cif. pr. tonn

Verðbil verður 5% og greiðsluhlutfall 50%. Miðað skal við cif-verð í höfnum V-Evrópu. Verð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. janúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.